



Framhaldsskólakennarar - Menntaskólinn á Ísafirði

Menntaskólinn á Ísafirði auglýsir eftirfarandi lausar stöður til umsóknar:

Danska (hálf staða), **líffræði** (ein staða) og **vélstjórn** (tvær stöður í vélstjórnargreinum á A- og B-stigi). Krafist er kennsluréttinda á framhaldsskólastigi og menntunar í sérgrein er tengist viðkomandi viðkomandi kennslugrein. Æskilegt er að umsækjendur um vélstjórnargreinar hafi lokið vélstjórnarnámi D og hafi rétt til að vera 1. vélstjóri á skipi með ótakmarkað vélarafl (Skírteini: STCW). **Stuðningsfulltrúi** (75% staða í 9 mán.) til að annast nemendur á starfsbraut 3-4.

Sóst er eftir starfsmönnum sem hafa til að bera góða samskipta- og skipulagshæfni, þjónustulund, frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum, áhuga á að vinna með ungu fólki og taka þátt í þróunarstarfi í kennsluháttum og námsmati og þverfaglegu samstarfi.

Ráðið verður í stöðurnar frá 1. ágúst 2014. Laun eru samkvæmt kjarasamningum ríkissjóðs og KÍ og SFR skv. nánari útfærslu í stofnanasamningi MÍ.

Í anda jafnréttisstefnu MÍ er hvatt til þess að konur jafnt sem karlar sækji um stöður við skólann.

Umsóknarfrestur er til 26. maí 2014 og skulu umsóknir, ásamt prófskírteinum og öðrum upplýsingum sem umsækjanda þykir skipta máli, berast til skólameistara í netfangið jon@misa.is fyrir þann tíma.

*Menntaskólinn á Ísafirði býður upp á fjölbreytt nám, bæði bók- og verknám. Í MÍ er öflugt þróunarstarf um kennsluhætti og námsmat. Skólabragur er góður og andrúmsloftið í starfsmannahópnum er gott. Reisulegar byggingar Menntaskólans á Ísafirði eru rúmgóðar og húsakynni björt. Þar er ein besta vinnuaðstaða til náms og kennslu sem þekkist á landinu. Menntaskólinn á Ísafirði er meðal fremstu framhaldsskóla landsins í notkun upplýsingatækni. **Skólinn getur boðið kennara í fullu starfi íbúð á góðum kjörum.***

Nánari upplýsingar veitir Jón Reynir Sigurvinsson skólameistari í netfanginu jon@misa.is og í síma 896-4636 eða í síma 450-4400. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu. Umsóknir gilda í a.m.k. sex mánuði ef staða losnar á ný.

Jón Reynir Sigurvinsson
Skólameistari MÍ